



März / Mars 2021

isländisch

Minnst þú mín, þegar þú kemur í ríki þitt!

(Lk 23,42)

Kontakt: Meinolf Wacker
Kirchplatz 7
59174 Kamen

Mobil.: +49-172-5638432
Mail: meinolf.wacker@go4peace.eu
Homepage www.go4peace.eu

**Sýnið traust!
Give confidence!**

Kæru vinir orðsins!

hún steig inn í lestina. Á móti henni sat gamall maður. Það var djúp gleði í andliti hans. Eftir stutta stund spurði hann hana hvort litríka armbandidd hennar hefði einhverja sérstaka þýðingu? Marúška, en það hét hún, fannst áhugi hans ósvikinn. „Það er til minningar um yndislegan ungmennafund sem ég er nýkomin frá,“ sagði hún. Og nú hófst innilegt samtal. Gamli maðurinn gaf til kynna að trú hans þýddi líka mikið fyrir hann og að hann bæðist oft fyrir. Og svo sagði hann frá frænda sínum sem hafði veikst alvarlega og dáið fyrir nokkrum dögum – umkringdur ástvinum sínum ...

Heiðarlega gefið traust opnar dyrnar að hjarta okkar. Þannig var það líka þegar fundum Jesú og Sakkeusar tollheimtumanns bar saman. Sakkeus var lítill vexti og klifraði upp í tré til að sjá Jesú sem átti að koma fram hjá. Og þá heyrði hann, sem var talinn bersyndugur tollheimtumaður um alla borg, Jesú segja: „Sakkeus, flýt þér ofan, í dag ber mér að vera í húsi þínu!“ Þetta traust kom miklu til leiðar í hjarta Sakkeusar. Hann, sem átti mikla peninga, byrjaði að deila þeim með fátækum. „Herra, helming eignu minna gef ég fátækum, og hafi ég haft nokkuð af nokkrum, gef ég honum ferfált aftur!“

Það kostar ekkert – og samt er það svo mikils virði, það traust sem við sýnum hvert öðru. Sá sem þorir að treysta færir frið inn í þennan heim. Þess vegna: **Sýnið traust! – Give confidence!**

fyrir OnWordTeam

Meinolf Wacker